

Djúpivogur 27. ágúst 2020

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps

Bakka 1

765 – Djúpivogur

## Frá Ungmennafélaginu Neista

Um leið og stjórn Umf. Neista þakkar veittan stuðning frá sveitarfélaginu sl. ár og áratugi langar okkur að senda inn erindi til ykkar, til að fara þess á leit að þið sem sitjið í sveitarstjórninni nú komið áfram þeim skilaboðum til nýrrar bæjarstjórnar, mikilvægi þess að áfram verði hlúð að íþrótt- og æskulýðsstarfi í nýju sveitarfélagi og að tryggt sé að þau verkefni sem nú þegar hafa hlotið brautargengi og eru í vinnslu hjá Umf. Neista, fái að klárast á þeim forsendum sem rætt hefur verið um.

Þar skal fyrst telja uppbyggingu mannvirkja í Blánni. Sveitarstjórnin á að vera meðvituð um það að Neisti hefur fest kaup á körfuboltavelli en afhending hans hefur tafist vegna Covid-19. Ljóst er að úr því sem komið er mun völlurinn ekki fara upp fyrr en næsta vor. Stjórn Neista hefur fundað með formanni skipulags- og byggingarnefndar, með byggingarfulltrúa og einnig með Páli Líndal sem hefur aðstoðað sveitarfélagið við skipulagsvinnu o.fl. Allir þessir aðilar eru sammála um að körfuboltavöllurinn fá pláss á svæðinu austan við slóðann sem liggur að Neista húsinu (sjá meðfylgjandi skissu frá Páli). Það þarf að slétta og líklega dreina meira til að hægt sé að setja völlinn þarna niður en í framhaldinu væri hægt að byggja enn frekar upp aðstöðu á þessu svæði, t.d. mini golf, brettaramp og ýmislegt fleira.

Þá hefur Neisti átt mjög gott samstarf við Djúpavogshrepp varðandi ýmis konar aðstoð t.d. með láni á tækjum og mannskap þegar mikið hefur staðið til, á vorvinnudögum og tiltektardögum að hausti. Þá hefur sveitarfélagið séð um slátt á vellinum og er það mjög mikilvægt fyrir félagið að því verði sinnt áfram í góðu samstarfi.


Síðan má ekki gleyma því að hreinn fjárstuðningur er ómetanlegur því verkin er mörg sem þarf að vinna. Hefur félagið átt því láni að fagna að fá um 6.5 milljónir á ári frá sveitarfélaginu og hefur það skipt gríðarlega miklu máli til að reksturinn gangi. Nú hefur verið gengið frá ráðningum framkvæmdastjóra og þjálfara til eins árs og því áfram jafn mikilvægt að nýtt sveitarfélag styðji við félagið.

Stjórn Neista vill jafnframt koma með fyrirspurn um það hvernig hluti Djúpavogshrepps af þeim 700 milljónum sem stjórnvöld úthlutuðu til íþróttastarfs á árinu var nýttur. Á 70. sambandsþingi UÍA í gær benti Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, félögunum á að óska eftir upplýsingum frá sínum sveitarfélögum varðandi þennan fjárstuðning og gerum við það hér með.

Neisti þakkar samstarfið á liðnum árum og vonar að þeir sem bjóða sig fram til áframhaldandi setu í stjórnnum og ráðum nýs sveitarfélags átti sig á mikilvægi þeirrar sjálfböðavinnu sem unnin er í Ungmennafélaginu og þeim forvörnum sem þar er sinnt.

Virðingarfyllt,  
fyrir hönd Umf. Neista

  
Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir

  
Alfreð Örn Finnsson

  
Hafdís Reynisdóttir

